




Myndin heitir Eldland, 1981, ull og hrosshár.

Listasafn ASÍ:

Myndvefnaður Ásgerðar

Ásgerður Búadóttir opnar sýningu á nýjum myndvefnaði í Listasafni ASÍ við Grensásveg laugardaginn 28 þ.m. kl. 2 e.h. Síðast hélt hún einkasýningu á Kjarvalsstöðum 1984 en hefur hin síðari ár tekið þátt í ýmsum sýningum erlendis, svo sem Scandinavia To-day, Borealis og sýningu í boði Kaupmannahafnarborgar ásamt Svavari Guðnasyni.

Sýning Ásgerðar stendur til 15. mars og er opin daglega kl. 2-6 nema á sunnudögum kl. 2-10.

Fjölmiðlun og stjórnmál

Í ljósi hinna miklu og öru breytinga, sem hafa átt sér stað í íslenskum fjölmiðlaheimi í kjölfar afnáms einkaréttar ríkisins á rekstri hljóðvarps og sjónvarps, er tímabært að skoða hlutverk og tilgang fjölmiðla í íslensku nútíma-fjórðfélagi og áhrif þeirra á íslensk stjórnmál.

Þar sem alþingiskosningar standa fyrir dyrum, þær fyrstu eftir að nýju útvarpsréttarlögin tóku gildi, boðar ritnefnd „Samfélags-tíðinda“ til námsstefnu um fjölmiðla og stjórnmál.

Námsstefnan verður haldin laugardaginn 28. febrúar nk. í stofu 101 í Odda og hefst kl. 13.30.

Dagskrá: Ólafur Þ. Harðarson lektor fjallar um áhrif fjölmiðla á kosningahegðun, Þorbjörn Brodason dósent fjallar um mynd stjórnmálamannsins, Þórólfur Þórindsson prófessor fjallar um auglýsingar og prófkjör. Þá verða

fyrirspurnir, stuttar umræður og kaffihlé. Ólafur Ragnar Grímsson prófessor fjallar um tengsl fjölmiðla og flokkakerfis, Einar Sigurðsson framkvæmdastjóri fjallar um hlutverk fjölmiðla í lýðræðisþjóðfélagi og að endingu verða umræður. Námsstefnustjóri verður Vilborg Guðnadóttir.

Á síðustu árum hefur verið rætt mikið um tengsl Háskólans og atvinnulífisins og á stundum borið á þröngum hagkvæmissjónarmiðum til vísinda og mennta. Lítið hefur hins vegar verið rætt um tengsl Háskólans og þjóðlífisins almennt og þá þýðingu sem öflugur háskóli hefur fyrir menningu okkar og samlif. Ráðstefna á við þá sem hér er boðað til er kjörinn vettvangur til þess að efla þessi tengsl Háskólans og þjóðlífisins. Samfélaginu er því sérstök ánægja að því að bjóða öllum áhugamönnum um stjórnmál og fjölmiðla í Háskóla Íslands þann 28. nk.

Nýlistasafnið Vatnsstíg 3b

Í kvöld, 27. febr., kl. 20 verður opnuð sýning á verkum Helga Valgeirssonar, Guðrúnar Láru Halldórsdóttur og Kristins Guðbrands Harðarsonar í Nýlistasafninu, Vatnsstíg 3b. Helgi, sem stundaði nám við málaraeild Myndlista- og handíðaskólans (MHÍ) 1983-86, sýnir rýmisverk (installation) unnio á þessu ári. Verk þetta—er samansett af málverkum og hlutum úr daglegu umhverfi. Helgi hefur áður tekið þátt í sýningunni: Gullströndin andar 1983 og NART-sýningunni 1986.

Guðrún nam einnig við MHÍ á árunum 1982-86 og útskrifaðist úr málaraeild. Hún sýnir 6-7 olíumálverk sem unnin eru 1986-87. Guðrún sýndi verk sín í Ingólfsbrunni 1986.

Kristinn sýnir 43 dökristur unnar 1984, en sunnudaginn 1. mars lýkur málverkaýsningu hans í Galleri Svart og hvítu.

Sýningin í Nýlistasafninu er opin til 8. mars og er opin daglega frá kl. 16-20 en um helgar frá kl. 14-20.

Síðasta sýningarhelgi á verkum Andys Warhol


Á sunnudag lýkur sýningu í anddyri Norræna hússins á verkum Andys Warhol af kvikmynda-stjórnumni Ingrid Bergman. Sýningin nefnist einfaldlega „Andlitsmyndir af Ingrid Bergman“ og eru gerðar í minningu hennar árið 1982. Eru þær í sama stíl og hin fræga mynd Warhols af Marilyn Monroe. Á sýningunni eru þrjátíu verk, þar af þrjár áritaðar grafikmyndir.

Sem kunnugt er lést Andy Warhol á dögumum og vart þarf að hafa um listamanninn mörg orð. En hann var einn helsti frumkvöðull popplistarinnar í Ameríku og hefur fengist við margt fleira en hefðbundna myndlist.

Sýningin er opin á venjulegum sýningartíma hússins og lýkur sem fyrr segir á sunnudag.



„Andlitsmyndir af Ingrid Bergman“ nefnist sýning á verkum Andys Warhol en henni lýkur á sunnudag.



Allnýstárleg myndlistarsýning ungs fólks verður opnuð að Kjarvalsstöðum laugardaginn 28. febr. næstkomandi.

Kjarvalsstaðir:

Myndlistarmenn framtíðarinnar

Allnýstárleg myndlistarsýning ungs fólks verður opnuð að Kjarvalsstöðum laugardaginn 28. febr. næstkomandi. Þar er um að ræða samsýningu rúmlega 70 myndlistarmanna, 35 ára og yngri, sem haldin er á vegum IBM á Íslandi í tilefni 20 ára afmælis fyrirtækisins hér á landi. Sýningin ber þessa glögg merki að mikil gróska er í myndlist meðal ungs fólks og kennir þar margra ólíkra grasa, bæði í tækni og framsetningu. Myndlistarmennirnir eru

flestir nær óþekktir og stór hluti hópsins enn við nám, ýmist hér heima eða erlendis. Þáttaka í sýningunni staðfestir að ungt myndlistarfólk fagnar slíku tækifæri til að koma verkum sínum á framfæri því þarna gefur að líta á þrjóa hundrað listaverka. Öll verða verkin til sölu og eru sérstakir söluráðgjafar frá Galleri Borg sýningargestum til aðstoðar. Sýningin verður opin alla daga kl. 14-22 til og með 8. mars. í báðum sýningarsölum Kjarvalsstaða.

Leikfélag Menntaskólans við Hamrahlíð

Leikfélag Menntaskólans við Hamrahlíð frumsýnir þann 28. þessa mánaðar leikritið Hólin (Saved) eftir enska leikritaskáldið Edward Bond og er þetta hans frægasta verk. Þýðinguna gerði Úlfur Hjörvar. Leikritið er eitt hið undirdæsta í leikhússögu síðari ára. Það var á sínum tíma bannað í Englandi og aðeins sýnt í lokuðum klúbbum eftir upphaflegu frumsýningu þess í London 1965. Einnig ölli það miklum úlfáþyt í íslenskum fjölmiðlum þegar það var sett

upp af Leikfélagi Reykjavíkur 1971 undir nafninu Hjálp. Verkið dregur upp dökka mynd af nútíma þjóðfélagi og þeirri firringu og örvingu sem iðnaðarsamfélag hefur skapað meðal fólks.

Leikstjóri er Ingunn Ásdísardóttir. Lýsingu annast Vilhjálmur Hjálmarsson. Leikmynd og þúninga hannaði Hlin Gunnarsdóttir en leikhljóð eru í höndum Hilmar Arnar Hilmarssonar og Orra Jónssonar.

Leikhús

Þjóðleikhúsið

Halleristénor, gamanleikur eftir Ken Ludwig í þýðingu Flosa Ólafssonar og leikstjórn Benedikts Arnasonar er sýndur á stóra sviði Þjóðleikhússins í kvöld og nk. fimmtudagskvöld kl. 20. Leikurinn er eitt alsherjar óperugrín er greinir frá undirbúningi og flutningi óperunnar Óðelli eftir Verdi.

Uppreisn á Ísafirði eftir Ragnar Arnalds verður sýnt á stóra sviðinu á laugardagskvöld kl. 20. Leikstjóri er Brynja Benediktsdóttir. Þetta vinsæla leikrit Ragnars fjallar um Skúlamálin frægu. Rympa á ruslahaugnum, nýtt leikrit Herdisar Egilsdóttur verður sýnt á stóra sviðinu á laugardag og sunnudag kl. 15. Leikstjóri er í höndum Kristbjargar Kjeld. Þetta er bráðfyrst barnaleikrit í ævintýrastíl með skemmtilegri tónlist og dansum.

Aurasálin, gamanleikur eftir Molière verður sýndur á stóra sviðinu á sunnudagskvöld kl. 20. Leikstjóri er í höndum Sveins Einarssonar. Alls leika 16 leikarar í Aurasálinni.

Í smásjá, leikrit Þórunnar Sigurðardóttur verður sýnt á litla sviði Þjóðleikhússins að Lindargötu 7 í kvöld kl. 20.30.

Verðlaunaþáttungar. Á litla sviðinu á sunnudagskvöld kl. 20.30 er önnur sýning á einþáttingunum Gættu þín eftir Kristínu Bjarnadóttur og Draumur á hvolfi eftir Kristínu Ólafsdóttur en þeir eru verðlaunaverk úr leikritasamkeppni Þjóðleikhússins í tilefni lök kvennaáratugar Sameinuðu þjóðanna.

Leikfélag Reykjavíkur

Land mine föður, stríðsárasngileikur eftir Kjartan Ragnarsson verður sýndur kl. 20.30 á laugardagskvöldið í Iðón, í 186. sinn.

Dagur vonar eftir Birgi Sigurðsson verður sýnt í kvöld og á sunnudagskvöld kl. 20.

Sýningar

Ásgrímssafn, Bergstaðastræti 74

Safnið er opið þriðjudaga, fimmtudaga og sunnudaga kl. 13.30-16.

Ásmundarsafn við Sigtún

Opnunartími safnsins er á þriðjudögum, fimmtudögum, laugardögum og sunnudögum frá kl. 14-17.

Galleri Grjót, Skólavörðustíg 4A

Þar stendur yfir sýning á nýjum verkum

eftir þá sem að Galleríinu standa en það eru þau Jónína Guðnadóttir, Magnús Tómasson, Óleigur Björnsson, Ragnheiður Jónsdóttir, Steinunn Þórarinsdóttir, Þorbjörg Hóskuldadóttir og Örn Þorsteinsson. Sýningin er opin virka daga kl. 12-18 en frá kl. 14-18 laugardaga og sunnudaga. Galleri Grjót hefur nú starfað í 3 ½ ár og hefur eingöngu verk eftir félagara sem vinna í mjög mismunandi efni.

Galleri Hallgerður, Bókhöfustíg 2

Á morgun opnar Áslaug Sverrisdóttir sýningu á textilverkum úr handspunnu tog. Sýningin verður opin kl. 14-16 daglega til 8. mars.

AUGLÝSING UM INNLAUSNARVERÐ VERÐTRYGGÐRA SPARISKÍRTEINA RÍKISSJÓÐS

FLOKKUR	INNLAUSNARTÍMABIL	INNLAUSNARVERÐ* Á KR. 100,00
1982-1. fl.	01.03.87-01.03.88	kr. 594,23
1983-1. fl.	01.03.87-01.03.88	kr. 345,25
1985-2. fl. C	10. mars 1987	kr. 139,56

*Innlauðnarverð er höfuðstóll, vextir, vaxtavextir og verðbót.

Innlauð spariskírteina ríkissjóðs fer fram í afgreiðslu Seðlabanka Íslands, Hafnarstræti 10, og liggja þar jafnframt frammi nánari upplýsingar um skírteinin.

Reykjavík, febrúar 1987

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Seljum þessa viku eftirtalin heimilistæki, lítið útlitsgölluð:

bára þvottavélar

allt að **20%** afsláttur

Electrolux kæli- og frystiskápar

allt að **20%** afsláttur

Einnig kaffikönnur, brauðristar, víftur, straujárn, eldavélar og fleiri tæki á

10 til 35% afslætti

Opið mánudaga til fimmtudaga kl. 9-19
Föstudaga kl. 9-20
Laugardaga kl. 10-16
Sunnudaga kl. 13-17

Tilboðin gilda á meðan birgðir endast



Vöruhúsið hf.

Nýja-bæ – sími 622-200

Það hefur alltaf borgað sig að versla í Vöruhúsið.

Messur

Guðsþjónusta í Reykjavíkur-prófastsdæmi sunnudaginn 1. mars 1987.

ÆSKULYÐSDAGUR ÞJÓDKIRKJUNNAR

Safnaðarriðsundur Reykjavíkur-prófastsdæmis verður í safnaðarheimili Bústaðarkirkju á sunnudag kl. 16.00 og hádegisfundur presta verður í safnaðarheimili Bústaðarkirkju mánudag 2. mars.

Árbæjarprestakall. Barnasamkoma í Foldaskóla í Grafarvogshverfi laugardag kl. 11 árdegis. Barnasamkoma í safnaðarheimili Árbæjarsóknar sunnudag kl. 10.30 árdegis. Æskulýðsguðsþjónusta í safnaðarheimilinu kl. 14. Ungt fólk aðstoðar við guðsþjónustuna. Skóla-kór Árbæjarskóla syngur undir stjórn Áslaugar Bergsteinsdóttur tónmenntakennara. Allir velkomnir. Sr. Guðmundur Þorsteinsson.

Askirkja. Barna- og fjölskylduguðsþjónusta kl. 14. Kór Laugarnesskóla syngur. Sr. Árni Bergur Sigurbjörnsson.

Breiðholtsprestakall. Barnaguðsþjónusta í Breiðholtskóla kl. 11. Æskulýðsguðsþjónusta kl. 14. Börn og unglingar aðstoða. Organisti Daniel Jónsson. Óskað eftir þátttöku fermingarbarna og foreldra þeirra. Sr. Gísli Jónsson.

Bústaðarkirkja. Barnasamkoma kl. 11. Elín Anna Antonsdóttir og Guð-

ún Ebba Ólafsdóttir. Guðsþjónusta kl. 14. Ræða: Guðrún Ebba Ólafsdóttir. Ungmenn úr æskulýðsfélagi Bústaðasóknar syngja og taka þátt í messuflutningnum. Organisti Guðni Þ. Guðmundsson. Æskulýðsfélagsfundur þriðjudagskvöld. Félagastarfr aldraðra miðvikudagseftirmiddag. Sr. Ólafur Skúlason.

Digranesprestakall. Barnasamkoma í safnaðarheimilinu við Bjarnhólastíg kl. 11. Æskulýðsguðsþjónusta í Kópavogskirkju kl. 11. Bjarni Karlsson guðfræðinemi prédikar. Sr. Þorbjörg Kristjánsson.

Dómkirkjan. Laugardagur: Barnasamkoma í kirkjunni kl. 10.30. Egill og Ólafía messa kl. 11. Altarisangar. Sr. Þórir Stephensen. Æskulýðsmessa kl. 14. Sr. Hjalti Guðmundsson prédikar og þjónar fyrir altari ásamt sr. Þóri Stephensen. Fermingarborn lesa ritningarorð og bænir. Vænast er þátttöku foreldra fermingarbarna. Sr. Hjalti Guðmundsson. Dómorganistinn leikur á orgel kirkjunnar í 20 mín. fyrir messuna kl. 11.

Elliheimið Grund. Guðsþjónusta kl. 10. Hulda Helgadóttir guðfræðingur.

Fella- og Hólabkirkja. Laugardagur: Barnasamkoma í Hólabrekkuskóla kl. 14. Sunnudagur: Barnasamkoma – kirkjuskóli kl. 11. Ragnheiður Sverrisdóttir djákni. Æskulýðsguðsþjónusta kl. 20.30. Hólabrekkuskóla syngur undir

stjórn Sigvalda Kaldalóns. Unglingar lesa upp og aðstoða við messuna. Organisti Guðný Margrét Magnúsdóttir. Fundur í æskulýðsfélaginu mánudagskvöld kl. 20.30. Sr. Hreinn Hjartarson.

Frikirkjan í Reykjavík. Guðsþjónusta kl. 14. Ræðuefni: Sjá, vér förum upp til Jerúsalem. Fermingarborn og foreldrar þeirra sérstaklega velkomnir. Föstudagur 6. mars kl. 13.30: Lagt af stað í ferð fermingarbarna austur í Skálholt. Bænastundir eru í Frikirkjunni fram að páskum á þriðji, miðvikudag, fimmtudag og föstudag kl. 18. Sr. Gunnar Björnsson.

Grensáskirkja. Barnasamkoma kl. 11. Æskulýðsmessa kl. 14. Altarisangar. Ungt fólk úr UFMH tekur þátt í messunni. Ragnar Schram og Þorvaldur Daniellsson tala. Leikræn tjáning. Organisti Árni Arinbjarnarson. Fimmtudagur: Almenn samkoma kl. 20.30. Sr. Halldór S. Gröndal.

Hallgrímskirkja. Messa á æskulýðsdegi kl. 11. Fermingarborn flytja ritningarlestur og frásöguþátt. Sunnudagskólabörn flytja helgileik og syngja. Þýskur blokkflautukvartett leikur. Altarisangar. Sr. Ragnar Fjalar Lárusson prédikar. Þriðjudagur: Fyrirbænamessa kl. 10.30. Beðið fyrir sjúkum. Miðvikudagur: Föstudagur kl. 20.30. Sr. Karl Sigurbjörnsson. Fimmtudagur: Afmælisfundur kvenfélagsins kl. 20.30. Laugardagur 7. mars: Samvera ferm-

ingarbarna kl. 10. Frá og með öskudegi eru kvöldbænir með lestri Passíusálma í kirkjunni alla virka daga nema laugardaga kl. 18.

Landspítalinn. Guðsþjónusta kl. 10.30. Sr. Jón Bjarnar.

Háteigskirkja. Messa kl. 10. Barnaguðsþjónusta kl. 11. Æskulýðsguðsþjónusta kl. 14. Sr. Arngirumur Jónsson. Organleikari Orthulf Prunner.

Borgarspítalinn. Guðsþjónusta kl. 10.30. Sr. Sigfrinn Þorleifsson.

Kársnesprestakall. Barnasamkoma í safnaðarheimilinu Borgum kl. 11. árdegis. Guðsþjónusta á æskulýðsdegi kl. 14. Unglingar úr tónlistarskóla Kópavogs leika. Ómar Kristmundsson unglingafluttrúi bejarins flytur ávarp. Fimmtudaginn 5. mars kl. 20.30 verður fundur á vegum fræðsluleidar safnaðarins í Borgum. Þar mun sr. Þorbjörn Hlynur Arnason fjalla um trúarhugmyndir í Passíusálmunum. Áætlað er að framhald verði á þessum fræðslufundum á föstudámanum. Vænast er fyrirspurna og umræðna og eru allir velkomnir. Sr. Árni Pálsson.

Langholtskirkja. Kirkja Guðbrands biskups. Óskastund barnanna kl. 11. Söngur- sögur- myndir. Þórhallur Heimisson og Jón Stefánsson sjá um stundina. Guðsþjónusta kl. 14. Prestur sr. Pjetur Maack. Organisti Jón Stefánsson. Fermingarborn

og foreldrar þeirra hvattir til að mæta. Sóknarnefndin.

Laugarneskirkja. Laugardagur 28. febr.: Guðsþjónusta í Hátúni 10b, 9. hæð, kl. 11. Síðdegiskaffi eldri borgara kl. 14.30. Þór Halldórsson yfirleiknir talar. Jónas Ingimundarsson og Ólafur Magnússon frá Mosfelli flytja nokkur sönglög. Sunnudagur: Fjölskylduguðsþjónusta kl. 11. Unglingar sýna helgileik, sönghópur úr kristilegum skólasamtökum syngur. Jóna Hrönn Bolladóttir prédikar. Hádegismatur eftir guðsþjónustuna í safnaðarheimilinu í úmsjá Kvenfélagsins, sérstakur barnaréttur og réttur fyrir fullorðna. Mánudagur: Æskulýðsstarf kl. 18. Þriðjudagur: Bænauguðsþjónusta á föstu kl. 18, altarisangar. Orgeltónlist frá 17.50. Sóknarprestur.

Neskirkja. Laugardagur: Félagstarf aldraða kl. 15. Félagar úr JC Nes koma í heimsókn og annast skemmtiefni. Sr. Frank M. Halldórsson. Sunnudagur: Barnasamkoma kl. 11. Munið kirkjubílinn. Sr. Frank M. Halldórsson. Æskulýðs- og fjölskylduguðsþjónusta kl. 14. Orgel og kórstjórn: Reynir Jónsson. Sr. Guðmundur Óskar Ólafsson. Mánudagur: Æskulýðsstarf kl. 19.30. Þriðjudagur og fimmtudagur: Opið hús fyrir aldraða kl. 13-17. Fimmtudagur: Biblíulestur kl. 18.30 og föstuguðsþjónusta kl. 20. Sr. Guðmundur Óskar Ólafsson.

Seljasókn. Barnaguðsþjónusta í